

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík



Dags eftirlits	29.8.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Strandasýslu	Fulltrúi UST	
Heimili	Skeiði 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470786-1329	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Indriðason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	377099,262 581129,16

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi Sorpsamlags Strandasýslu er í góðum farvegi. Úrgangsmagn eykst talsvert yfir sumarmánuðina vegna aukins straums ferðamanna. Á síðasta ári voru innan við 300 tonn urðuð í Skeljavík en árleg heimild rekstraraðila til úrgangsméðhöndlunar á urðunarsvæðinu er 500 tonn. Sýnatökuaðstöðu hefur verið komið upp í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Tveimur brunnum hefur verið komið fyrir neðan við urðunarsvæðið, milli þess og Húsadalsár. Fyrsta sýnataka þar er fyrirhuguð fyrir 1.10.14. Ekki eru gerðar athugasemdir við starfsemina né frávik staðfest, en minnt á að mikilvægt er að halda úrgangsmagni og fokefni í lágmarki á urðunarsvæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir helstu málefni urðunarstaðarins undangengið ár. Magn sem berst honum fer vaxandi (aðallega vegna ferðamanna), en tekið er á móti endurvinnsluefni í skemmu á Hólmavík en stórgert endurvinnsluefni er geymt til skemmri tíma á urðunarsvæðinu og allur óflokkaður úrgangur af Hólmavík og nágrenni urðaður þar. Eftirlitsskoðun fór fram á urðunarsvæðinu og nýir sýnatökubrunnar voru skoðaðir.

Reykjavík, 15.09.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.